

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1992

Nr. 79

210

29. september 1992

LÖG

**um breyting á lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 92/1986, um Kjaradóm, með síðari breytingum, bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.

Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjaradómur skal svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlí 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga.

Gildistaka hinna nýju úrskurða skal miðast við 1. ágúst 1992.

Gjört í Reykjavík, 29. september 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 80

25. september 1992

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 25. september 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.